

Byggðaráðstefna 2016

Breiðdalsvík, 15. september


Brothættar byggðir

Kristján Þ. Halldórsson




BYGGÐASTOFNUN

Hófst á Raufarhöfn – hvers vegna?



675 Raufarhöfn - aldursdreifing árin 2000 og 2012



BYGGÐASTOFNUN

Kveikjan að verkefninu, fyrstu skrefin

- Samtal aðila vorið 2012, í punktum má sjá eftirfarandi:
„Byggð á Raufarhöfn stendur nú mjög höllum fæti, og að óbreyttu leggst byggð þar af á tiltölulega fáum árum...“
- Fyrsti fundur verkefnisstjórnar 18. júní 2012
- Verkefnisstjórn:
 - Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga
 - Byggðastofnun
 - Háskólinn á Akureyri
 - Norðurþing
 - Fulltrúi íbúa

Sýn á verkefnið og afmörkun í upphafi (2ja ára tilraun)

Hvað vilja íbúarnir?...Áhugavert að skoða hvort hægt er að nálgast umræðu um málefni Raufarhafnar á annan hátt en gert hefur verið hingað til, og ekki síst að leitast verði við að leiða fram skoðanir og vilja íbúanna sjálfra hvað varðar áframhaldandi þróun byggðar á Raufarhöfn.

Hvað geta opinberir aðilar?...Aðgerðir opinberra aðila megna einar og sér ekki að snúa þessari þróun við. Reynslan sýnir það ótvírætt. Það þarf að skoða hverjar eru skyldur ríkisins, sveitarfélagsins og annarra opinberra aðila við íbúa Raufarhafnar, og hvaða væntingar íbúarnir hafa til þessara aðila.

Yfirmarkmið verkefnis: Fjölgun íbúa og bætt aldurssamsetning, aukin fjölbreytni í atvinnulífi, stöðugleiki í atvinnulífi og búsetu. Til staðar verði viðbragðsáætlun sem er yfirfæranleg á önnur svæði.

Hvað þarf að gerast?: ...Greina stöðuna,..... setja fram markmið og áætlun um aðgerðir.....*“Mikilvægt er að um það skapist breið þátttaka íbúa, atvinnulífs, sveitarfélags og stoðkerfis sem byggji á skýrri sýn um útkomuna og hvernig verkefnið verði tryggt til framtíðar.....“*



Framkvæmd á Raufarhöfn 2013-2014

- Íbúafundur október 2012 – umræður í hópum
- Ildi/Sigurborg Kr. Hannesdóttir skipulagði íbúafund í lok árs 2012 og hefur stýrt íbúáþingum síðan. Aðkoma Sigurborgar var liður í að auka áherslu á árangursríkt samtal við íbúa og stuðla að frumkvæði þeirra.
- Íbúáþing og íbúafundur upphafi árs 2013
- Verkefnisstjóri starfandi mars 2013 – júní 2014 í samræmi við áherslur íbúáþings


Þátttaka á fundum/þingi var góð og áhugi mikill.
Fulltrúar brottfluttra og fulltrúar atvinnurekstrar tóku
einnig þátt. → miklar væntingar

Aðstæður á landsvísu – framkvæmd 2013-2014


- Fleiri byggðarlög í langvarandi og/eða bráðum vanda
- Skortur á sértækum úrræðum + áhugavert tilraunaverkefni á Raufarhöfn
- Þrjú ný verkefni í þremur landshlutum samkvæmt tillögu landshlutasamtaka:
 - Bíldudalur
 - Breiðdalshreppur
 - Skaftárhreppur
- Raufarhafnarmódelið notað, íbúáþing haldin síðla árs 2013
 - Áhersla fyrst og fremst á valdeflingu samfélagsins
 - Verkefnisstjórnir starfandi en ekki ráðinn verkefnisstjóri

Áhersluatriði íbúa


Bíldudalur




Raufarhöfn



Breiðdalur



Skaftárhreppur



Atvinnumál

Innviðir

Umhverfismál

Orkuverð



Samfélag ofl.



BYGGÐASTOFNUN

Mat á verkefni og endurskoðun verklags 2014-2015

- Eigið mat Byggðastofnunar og samstarfsaðila
- Kynniferð til Noregs vor 2014 – Regional omstilling
- Mat EY á verkefninu fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið – skilað vor 2015
 - Mjög góðar ábendingar og hugmyndir



Niðurstöður eigin mats og úttektar nokkuð samhljóða – meginatriði:

- Stofnun verkefna og samráð við íbúa
 - tókst vel
- Afmörkun og inntak aðgerða
 - einkum smærri samfélagsverkefni tekin á dagskrá. Mál almennt talin horfa til framfara og endurspeglar hagsmuni byggðarlagsins
- Stjórnun og fyrirkomulag
 - framkvæmdahlið lítið útfærð, skortur á verkefnisstjórn (Raufarhöfn sker sig úr þar sem þar var starfandi verkefnisstjóri)
- Samráð og samhæfing
 - verkefnisstjórnir hafa haft takmörkuð úrræði til að fylgja eftir stærri málum, efla samráð í héraði eða samhæfa aðgerðir stjórnvalda.
- Endurmat og lærdómur
 - þessi liður tekinn föstum tökum

Stækkun verkefnis 2014-2015

- Fjórtán umsóknir vorið 2014
- Seinkun á afgreiðslu til sumars 2015, endurskoðunar á verkefninu
- Afstaða tekin á grundvelli mælikvarða á stöðu samfélaga
 - Íbúafjöldi, aldurssamsetning, kynjahlutföll og fleira (50%)
 - Fasteignamatsstuðlar (fasteignaverð) (5%)
 - Landfræðileg staða/stærð atvinnusóknarsvæða (20%)
 - Aðrir þættir (atvinnulíf, fjárhagur sv.fél, tekjur, fjarskipti) (25%)
- Öxarfjarðarhérað, Grímsey og Hrísey fengu aðild að verkefninu.



• Sjö þáttökubýggðarlög

Verkefnislýsing 2016

- Sérstaða verkefnis fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stoðstofnana við viðkomandi samfélag
- Í hverju byggðarlagi er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn er byggi á stöðugreiningu og skilaboðum frá íbúum
- Unnið er samkvæmt áfangaskiptu verklagi, þar af undir handleiðslu verkefnisstjóra á rekstrartíma
- Verkefnislýsing, sjá <http://www.byggdastofnun.is/is/verkefni/brothaettar-byggdir/verkefnalysing>



Markmið

- Meginmarkmið:
 - Að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins
- Undirmarkmið:
 - Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
 - Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
 - Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsröðun málefna.
 - Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
 - Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Áfangaskipting

- Undirbúningur (áætl. < 6 mánuðir)
 - Greining á stöðu byggðarlags, beiðni um þátttöku, úrvinnsla hjá Byggðastofnun, verkefnisstjórn stofnuð.
- Stefnumótun og áætlanagerð (áætl. < 6 mánuðir)
 - Íbúáping, úrvinnsla greiningar, mótun markmiða verkefnisáætlana og verkefnastofns
- Framkvæmd (2 – 3 ár)
 - Unnið að verkefnum, árlegt mat á árangri og stefnu
- Lok (½ - 1 ár)
 - Árangur aðgerða festur í sessi



Þátttaka íbúa lykilatriði í verkefninu

- Íbúar velja málefni til umræðu,
- kryfja mál í umræðuhópum,
- forgangsraða málefnum,
- skrá áhuga á þátttöku í umræðum/verkefnum í framhaldinu,
- huga að framtíðarsýn og næstu skrefum



BYGGÐASTOFNUN

Árangursmat

- Árlegt mat á verkefninu í einstökum byggðarlögum og Brothættum byggðum í heild
- Tilraun til að nýta nokkurs konar sjálfsmat í formi spurningalista, sem m.a. tekur til mats á einstökum verkefnum í verkefnastofnum

Mat á verkefnastofni á við í þriðja og fjórða áfanga verkefnisins. Reiknað með að verkefnisstjóri, verkefnisstjórn og forsvarsmenn samstarfsaðilanna svari spurningunum.

Matsþáttur: Verkefnastofn	1	2	3	4	5
Skilgreining verkefna					
Vörður og markmið					
Yfirsýn yfir stöðu einstakra verkefna og verkefnis Brothættra byggða í heild					
Samstarf					

Einkunnir eru þá gefnar á bilinu 1-5 eftir metnum árangri/stöðu (5 hæsta einkunn). Til viðmiðunar má nýta eftirfarandi lýsingu einkenna frammistöðu og árangurs í töflu hér að neðan en einkum ber að líta til verkefnislýsingar Brothættra byggða og viðauka á vef Byggðastofnunar.

Einkenni verkefnis sem fær lága einkunn	Einkenni verkefnis með háa einkunn
EKKI hafa verið skilgreind verkefni eða verkefni eru flest illa afmörkuð og skilgreining þeirra	Verkefni í verkefnastofni eru þó nokkur og í rékráttu sambandi við viðkomandi



BYGGÐASTOFNUN

Þakka áheyrnina




Reynslan 2013-2014

- Áhugi mikill á, og fyrst eftir íbúáping en dofnaði fljótt
- Forgangsröðun íbúa lá fyrir en heildarstefnumótun og markmiðssetningu var ábótavant
- Nokkuð óljóst hverjir ætluðu að leiða verkefnið – Raufarhöfn skar sig þó úr vegna verkefnisstjóra
- Verkefnisstjórnir tiltölulega lítið virkar (valdalitlar)
- Fjárhagsleg geta verkefnisins lítil á hverjum stað og óljóst um framhald fjármögnunar
- 1-2 ár stuttur tími

Hvaða er brothætt byggðarlag?

- Byggðastofnun styðst við mælikvarða á stöðu samfélaga
 - Íbúafjöldi, aldurssamsetning, kynjahlutföll og fleira (50%)
 - Fasteignamatsstuðlar (fasteignaverð) (5%)
 - Landfræðileg staða/stærð atvinnusóknarsvæða (20%)
 - Aðrir þættir (atvinnulíf, fjárhagur sv.fél, tekjur, fjarskipti) (25%)

Verkfæri í byggðapróun, samstarf hagsmunaaðila



Greining, íbúasamráð, stefnumótun

- Greining á stöðu byggðarlags er grunnur að umsókn en einnig að stefnumótun fyrir viðkomandi verkefni
- Íbúasamráð/íbúaþing laðar fram:
 - sýn íbúa á helstu hagsmunamál byggðarlagsins og hugmyndir þeirra um úrlausnir
 - forgangsröðun málaflokka
 - vilja íbúa til að taka þátt í að styrkja samfélagið
- Stefnumótun
 - framtíðarsýn, meginmarkmið
 - starfsmarkmið, tímasett, mælanleg með skilgreinda ábyrgð
- → Verkefnisáætlun / verkefnastofn



Þátttaka íbúa

- Aðkoma að ákvörðun um umsókn til þátttöku í Brothættum byggðum
- Fulltrúar í verkefnisstjórn
- Virk þátttaka á íbúáþingum og íbúafundum við áfangaskil og árlega í 3.-4. áfanga
- Frumkvæðisverkefni í samráði við verkefnisstjóra
- Samtal við verkefnisstjóra og verkefnisstjórn á rekstrartíma (einkum þriðja og fjórða áfanga) til dæmis í málefnaþópum eða með einkafundum

